SpineOMatic uppfærð útgáfa

24.11.2022 / Landskerfi bókasafna hf.

Í gamla SpineOMatic þá voru spássíur fastar í kerfinu sem gerði það að verkum að ef margir miðar voru prentaðir út í einu þá hliðruðust upplýsingar til á miðanum. Í lagfærðri útgáfu af SpineOMatic er búið að taka spássíurnar af þannig að upplýsingarnar á miðunum sitja betur og hægt er að prenta út marga miða í einu án þess að það hliðrist til. Einnig er búið að laga letrið og hvernig upplýsingarnar birtast á miðunum. <u>Gömlu miðarnir verða enn í boði fyrir þá sem kjósa að nota þá frekar en</u> <u>en þá er ekki hægt að nota nýju stillinguna í SpineOMatic.</u>

Athugið: Verið er að samræma gerðir miða. Öllum séróskum um útlit miða verður haldið í lágmarki.

Búið er að útbúa ný umbrot (layout) sem heita *R 72 x 55, R 72 x 68 og R 87 x 80.* Þessi umbrot eiga sér svo samsvarandi sniðmát (template), sem dæmi þá passar umbrotið R 72 x 55 við sniðmátið L 55 V.

Miðastærð

Það eru þrjár miðastærðir í notkun í bókasöfnum landsins. Litill miði L 55 (72x55), miðstærð M 68 (72x68) og stór miði S 80 (87x80). Miðstærðin (M 68) er algengasta miðastærðin. Í boði verða tvær stillingar fyrir miðana, miðjaðar upplýsingar (...M) og vinstri jafnaðar upplýsingar (...V).



 $Y \rightarrow ekki notað$

Ef bókasafnið hefur ekki verið að nota miða með safnakóða, þá eru nýju samsvarandi miðar svona: Borgarbókasafn -> L 55 Skóli 1..3 -> M 68 Stór 1..3 -> S 80 Söfn sem hafa verið að nota safnakóða miða en eru ekki með sérþarfir geta notað nýju miðana.

Mismunandi tegundir miða

Venjulegur miði – þetta eru þeir miðar sem eru mest notaðir. SpineOMatic sækir upplýsingar á kjalmiðann í forðafærsluna. Á þessum miðum eru meðal annars upplýsingar um höfund, titil (tvær línur), lýsing, safndeild og safn. Einnig koma fram upplýsingar úr "Upptalning A" reitnum fyrir fjölbindaverk.

Tímarit – Það þarf að hafa nokkrar útgáfur af miðum fyrir tímarit. Á þessum miðum verða allar upplýsingar sem eru á venjulegu miðunum en við bætast upplýsingar sem fara á kjalmiðann og eru sóttar í Upptalning A og B og Tímatal I sviðin í eintakafærslunum. Þessir miðar eru merktir með T og segja til um hvaða upplýsingar verða sóttar og settar á miðana, þ.e.a.s. Art, Arg eða Tbl. Dæmi: M 68 V T Art Tbl. Ef ekkert fylgir á eftir T þá eru allar upplýsingar settar á miðann.

Upptalning A (Arg) - Árgangur

Upptalning B (Tbl) - Tölublað

Tímatal I (Art) – Ártal

Upplýsingar á miðum – Það eru ákveðið margar línur fyrir upplýsingar á hverjum miða og það þarf að ákveða hvaða línur taka upp hvaða upplýsingar úr kerfinu. Ef t.d. nafn höfundar eða titill á efni (sem hefur tvær línur) er of langt þá býr kerfið til þrjá punkta sem táknar að ekki allar upplýsingar koma fram á miðanum.

Stillingarmiði – Í sniðmátunum (template) er búið að útbúa stillingarmiða sem hægt er að nota til þess að athuga hvort að prentarinn og allar stillingar séu réttar. Miðarnir heita L 55 Stilling, M 68 Stilling og S 80 Stilling. Með því að prenta samsvarandi stillingamiða þá er hægt að greina hversu mikið þarf að hliðra miðana til svo að þeir prentist rétt út. Til þess að hliðra miðana til þarf að laga stillingar í prentara reklinum (driver). Athugið: Það þarf að finna strikamerki til þess að virkja SpineOmatic svo hægt sé að prenta út stillingarmiða. Það prentast samt út auður stillingarmiði.

Almennt um útprentun – Þegar verið er að prenta út miða þá lítur út fyrir að það komi auður miði aftast eða inn á milli þegar verið er að forskoða miðana fyrir prentun. Þessi miði ætti þó ekki að prentast út og því þarf ekki að hafa áhyggjur af honum.

Stillingar í prentara rekli (driver)

Mikilvægt er að stillingarnar í prentara reklinum samsvari miðastærðunum sem eru í notkun. Til þess að skoða stillingarnar á reklinum er farið í "Printer settings" smellt á miðaprentarann og valið "Manage", svo er farið í "Printing preferences".

Hér til hliðar er dæmi um stillingar fyrir miðstærða miða.

Það eru ýmsar stillingar í boði í rekklinum sem hægt er að skoða undir "Options" og "Settings". Til að mynda er hægt að laga hraðann á útprentuninni í "Speed" sem hefur áhrif á gæði, strikamerkin koma oft betur út þegar það er búið að hægja á útprentun. Einnig er hægt að velja hversu feitletrað letrið á miðunum á að vera í "Darkness".



<u>Athugið: ef stillingum í "Speed" og "Darkness" er breytt er mikilvægt að athuga hvort</u> <u>að skanninn nái að lesa strikamerkin á miðunum.</u>

Það er hægt hliðra miða til sem prentast ekki rétt út í "Advanced setup" undir "Adjustments".

Til þess að hliðra miðana til:

Upp = Top í – Niður = Top í + Vinstri = Left í + Hægri = Left í –

<u>Athugið: ekki eru allar stillingar eins í öllum</u> <u>tölvum þar af leiðandi gætu þessar stillingar</u> <u>virkað öðruvísi hjá ykkur.</u>

Stundum gæti þurft að fínstilla og endurstilla rekilinn þar sem miðar eiga það til að hliðrast aðeins eftir margar prentanir. Til þess að endurstilla rekillinn er farið í "Printing preferences" valið þar "Advanced setup" og smellt á takkann "Calibrate".



Mismunandi vafrar

Það fer eftir vöfrum hvernig stillingar vistast þegar kemur að prentun. Það er mælt með því að reyna að tileinka Gegni (Ölmu) einn vafra og nota annan vafra ef það þarf að prenta eitthvað út af netinu. Annars geta stillingar hliðrast til og það þarf að breyta þeim til baka næst þegar farið er að prenta út kjalmiða. Firefox hefur reynst best þegar kemur að prentarastillingum og gæði.

Þessum stillingum er breytt þegar búið er að ýta á prenta, þá kemur upp gluggi með stillingum og þar verður að passa að Margins (spássíur) séu stilltar á None (engar). Hér eru dæmi úr algengustu vöfrunum um hvaða stillingar þurfa að vera til staðar í vöfrunum til þess að miðarnir prentist rétt út:

Print 4 she	eets of paper					
Destination						
B ZDesigner ZT421-203	3dpi 🗸				Print Total: 2 sheets of paper	ſ
Copies						
					Pages	
Orientation	ane	Print	2 shee	ets of paper		
Peree	ape	Destination	ZDesigner ZT42	1-203(💌	Odd pages only	
All	~				Even pages only	
Color mode		Pages	All	*	e.g. 1-5, 8, 11-13	
Black and white	~	Copies	1		Fewer settings	
					Paper size	
Fewer settings	<u>^</u>	Layout	Portrait	-		
Paper size						\sim
User defined	~	More settings		\odot	Scale (%)	
Scale					 Fit to printable area 	
Scale 100		Paper size		•	O Actual size	
Pages per sheet					0 100	
1	~	Pages per sheet	1	*		
Margins		Margins	None	-	Pages per sheet	
None	~				1	\sim
Options		Scale	Custom	-	Margins	
Print headers and foote	ers		100		None	\sim
Print backgrounds						

Firefox

Chrome

Edge

Að prenta út kjalmiða

Til þess að prenta út kjalmiða notum við SpineOMatic appið í miðstöð skýjaforrita. Til þess að nota nýju miðanna og prenta fleiri miða í einu er búið að bæta við haki í SpineOMatic sem heitir "Enable marginless templates and layouts". Ef hakað er við það, hættir SpineOmatic að bæta við spássíum. Athugið það þarf að nota nýju miða umbrotin (layout) og samsvarandi sniðmát (template) til þess að þessi stilling virki (L55, M 68 og S 80).

<u>Gömlu miðarnir eru enn í boði fyrir þá</u> <u>sem kjósa að nota þá frekar en þær</u> <u>virka ekki með þessari stillingu.</u>

	SpineOMat						
	<	Back	Print 1 labels				
Select a layout							
R 72 X 68							
Select a template							
M 68 M							
Offset							
U							
Print gridlines							
Enable marginless templates and layouts							

Það er mikilvægt að athuga að þessi stilling vistast ekki inni og því þarf að virkja hana í hvert skipti sem maður skráir sig inn í kerfið.